

Bæjarráð

Gervigrasvellir – losun dekkjakurla af leiksvæði barna í Hafnarfirði

Kostnaðarmat og tillögur að útfærslu

Við höfum skoðað nokkrar lausnir og kynnt okkur málið, fundað með fulltrúum sem þekkja vel til vallanna og vinnu við að viðhalda þeim.

Viðhald á völlum okkar hefur verið takmarkað síðustu ár og ástand þeirra allra ekki nægilega gott. Það er því ekki eingöngu nóg að skipta um dekkjakurl og fá í kjölfarið nothæfa fótboltavelli fyrir börnin. Ekki er forsvaranlegt að skipta út efni á völlum sem halda ekki í efnið vegna þess að grasþræðir eru slitnir og horfnir og yrði það dýr aðgerð sem kostaði einnig umtalsvert viðhald á næsta ári.

Tillaga okkar er að stefna að því að hætta til langs tíma að vera með velli með fylliefni. Viðhald á grasvöllum sem eru án sands eða fylliefna er mun minna en á venjulegum velli með fylliefni. Ný grasmotta sem er með sandi eða EBDM sem fylliefni kostar 3,5-4 milljónir. Ef notuð er grasmotta sem þarf ekki fylliefni kostar hún 4,5 milljónir á venjulegan völlum. Þannig losna allir við fylliefnin, sem berast í fót og umhverfi okkar. Gróflega má áætla að um 100.000 kr. lægri viðhaldskostnaður sé á ári á hverjum velli því ekki þarf að bæta við fylliefnum.

	Aáætluð ending eftir kurlskipti*	Stærð	Fylling, tonn	Fylliefni	Skipta um kurl	Skipta um mottu og kurl	Vinna við hreinsun og förgun
Engidalsvöllur	3-4 ár	18m x 33m	6	EPDM, grátt vottað	1,890,008 kr.		
Víðistaðavöllur	2-3 ár	18m x 33m	6	EPDM, grátt vottað	1,890,008 kr.		
Lækjarskólavöllur	4-5 ár	18m x 33m	7	EPDM, grátt vottað	1,890,008 kr.		
Setbergskólavöllur	1-2 ár	18m x 33m	6			4,500,000 kr.	1,270,000 kr.
Öldutúnssvöllur	1-2 ár	18m x 33m	6			4,500,000 kr.	1,270,000 kr.
Hraunvallaskólavöllur	3-4 ár	18m x 33m	7	EPDM, grátt vottað	1,890,008 kr.		
Hvaleyrarskólavöllur	1-2 ár	12m x 24m	2			2,500,000 kr.	942,400 kr.
Áslandsskólavöllur	6-7 ár	15m x 22m		Ekki í okkar umsjá og ekki með dekkjakurl			
Samtals			40		22,542,432 kr.		



HAFNARFJÖRÐUR

Því áætlum við **22,5 milljónir** í það að koma þessum málum í gott lag hjá okkur og skipta um mottu á þremur völlum og um fylliefni á fjórum völlum strax í sumar.

Ekki er um viðhaldskostnað að ræða en sumir vellir eru signir og sumir með skemmdum og þarf að gera við það á þessu ári.

Alþingi samþykkti þingsályktun þess efnis að áætlun um hvernig skipta eigi út gúmmíkurli úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum fyrir hættuminna efni liggja fyrir í lok þessa árs. Börn eiga að njóta vafans og Hafnarfjörður á að vera fremstur varðandi öryggi barna. Efnið sem á að koma í stað gamla efnisins hefur vottun um innihald og að það valdi ekki krabbameini.

Með bestu kveðju,-

Geir Bjarnason, íþróttafulltrúi

Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri

Helga Stefánsdóttir, framkvæmdasviði

*áætluð ending eftir kurlskipti – þar er reiknað með endingartíma miðað við að bara sé skipt um kurl, verði skipt um mottu við Setbergs-, Öldutúns- og Hvaleyrarskóla verður endingartíminn auðvitað lengri en þau 1-2 ár sem er vísað í í reitnum eða allt að 10 ár.